

M-8/2010 Álit 25. febrúar 2010

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 25. febrúar 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-8/2010:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 20. janúar sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna leka í vökvadælu í bifreiðinni A sem hann segist hafa keypt hjá Y. 9. mars 2007. Vökvadæla í hemlum hafi bilað í ágúst 2009 og gerir álitsbeiðandi þá kröfu að seljandi kosti viðgerð á dælu, en samkvæmt gögnum málsins þurfti að skipta um hana.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 25. janúar sl., gaf kæruneftndin Y. kost á andsvörum og frest til þess til 5. febrúar. Engin andsvör bárust. Með bréfi, dags. 18. febrúar sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt húsbíl hjá Y af gerðinni, A, 9. mars 2007. Hinn 17. júlí 2009 hafi vökvadæla fyrir bremsur tekið að leka þar sem hann hafi verið staddur á Selfossi. Hafi hann þá hringt í Z og þeir viljað láta skoða bifreiðina hjá B sem hafi verið gert 20. júlí. Sér hafi verið sagt að aka bifreiðinni beint á verkstæði Z. sem hann hafi gert. Starfsmaður Z hafi sagt vökvadæluna ónýta og hafi verið skipt um hana. Sér hafi verið sagt að hann yrði að greiða viðgerðarkostnaðinn þar sem bifreiðin væri ekki í ábyrgð. Álitsbeiðandi segist hafa haft samband við Y sem aftur hafi ætlað að hafa samband við Z til þess að athuga hvort það fyrirtæki bæri ábyrgðina þar sem þeir væru með umboð fyrir bifreiðar. Y. hafi keypt bifreiðina frá verksmiðjunum í Þýskalandi. Þegar dælan bilað hafi verið búið að aka bifreiðinni 22.771. km og sé finnst óeðlilegt að vökvadæla fyrir bremsur skuli bila. Hefði bifreiðinni verið ekið mikið meira hefði hún orðið bremsulaus.

Reikningur Z fyrir viðgerðinni er dags. 21. júlí 2009 og að fjárhæð kr. 121.161. Þar segir m.a.: Leitað að olíu. Lak með öxli á vakumdælu. Skipt um dælu og olía þvegin af vél.

IV

Úr gögnum málsins

Álitsbeiðandi leitaði til Neytendasamtakanna sem skrifaðu þrívægis bréf til Y, dags. 8. desember og 21. desember 2009 og 5. janúar 2010, og gerðu þá kröfu fyrir hönd álitsbeiðanda að hann fengi endurgreiddar kr. 121.161 vegna skipta á vökvadælu. Samhljóða bréf skrifuðu Neytendasamtökin til Z 8. desember 2009 og svaraði fyrirtækið því bréfi 14. desember. Y sendi Neytendasamtökunum svohljóðandi svarbréf í tölvupósti 14. janúar sl.

„Y tekur ekki við kvörtun vegna ábyrgðar. X kom til okkar í ágúst 2009 vegna þessarar vaccumdælu. Húsbíllinn var keyptur 9. mars og hefur hann X því ekki 2 ára kvörtunarfrest. Y hefur ekki tjáð X um að bifreiðin væri í ábyrgð. Vegna ábyrgðar og/eða galla ábílum þá er Y ekki umboðsaðili fyrir þá. Y hefur ekki tök á að gefa meiri tíma í þetta mál.“

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsskiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Óumdeilt er að álitsskiðandi keypti bifreiðina A hinn 9. mars 2007 af Y. Það fyrirtæki var því seljandi bifreiðarinnar í skilningi neytendakaupalaga nr. 48/2003 og ber því ábyrgð á kaupunum gagnvart álitsskiðanda samkvæmt ákvæðum þeirra laga s.s. þeim þar sem kveðið er á um réttarstöðu kaupanda gagnvart seljanda þegar söluhlutur reynist gallaður. Hvort annar aðili ber síðan ábyrgð gagnvart seljandanum skiptir kaupandann ekki máli nema því aðeins að kaupandi og seljandi hafi sérstaklega um annað samið á löglegum grundvelli sem ekki verður séð að hafi verið gert í því tilviki sem hér er til meðferðar. Álitsskiðandi hefur þannig réttilega beint kröfum sínum á hendur Y sem seljanda bifreiðarinnar.

Einn af þeim íhlutum bifreiðar sem ræður virkni hemlakerfisins er vökvadæla og sé hún ekki í fullkomnu lagi getur það haft alvarlegar afleiðingar í för með sér sem óþarft er að lýsa hverjar geti verið. Kaupandi nýrrar bifreiðar má tvímælalaust búast við því að slíkur íhlutur endist lengur en raunin varð á með bifreið álitsskiðanda sem var rúmlega tveggja ára og fjögurra mánaða þegar dælan gaf sig, sbr. ákvæði b-liðar 2. mgr. 15. gr. laga nr. 48/2003. Það er ljóst að galli kom fram á vökvadælunni í bifreið álitsskiðanda í skilningi 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003. Þessum íhlut verður að ætla verulega lengri endingartíma en rétt rúm tvö á eins og raunin var um dæluna í bifreið álitsskiðanda, sbr. ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003, þ.e. að kvörtunarfrestur í því tilviki sem hér er um ræðir er 5 ár. Það er því álit kærunefndarinnar að seljandi, Y, beri ábyrgð á þeim galla sem kom fram í vökvadælunni gagnvart álitsskiðanda og sé því skylt samkvæmt ákvæðum b-liðar 1. mgr. 26. gr. laga nr. 48/2003 að greiða honum þann kostnað sem af viðgerð hennar leiddi eins og hann gerir kröfu til, eða kr. 121.161.

VI

Álitsorð

Seljanda, Y, er skylt að greiða álitsbeiðanda, X, kr. 121.161.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir